

# Aðalfundur samtakanna Jákvæður agi á Íslandi

Haldinn 27. maí 2021 klukkan 17:30. Fjarfundur

11 félagar mættir ásamt Nadine Gaudin sem kom sem gestur í upphafi fundar.

Innlegg frá Nadine Gaudin - "modeling mistakes"

Nadine gerði æfingu með sem snéri að viðbrögðum vegna mistaka. Hún setti á svið þrennskonar viðbrögð og fundarmenn ræddu hvernig þeim leið gagnvart þeim.

Nadine Gaudin vék af fundi.

## **Dagskrá fundar:**

Þar sem ekki var haldinn aðalfundur í fyrra vegna heimsfaraldurs er um ársfund tveggja ára að ræða, þ.e. 2019 og 2020.

### *1) Kosning fundarstjóra og fundarritara*

Ágúst Frímann Jakobsson kosinn fundarstjóri  
Berglind Bergvinsdóttir fundarritari

### *2) Skýrsla stjórnar*

Ágúst fór yfir skýrslu stjórnar síðastliðin tvö ár. Töluverð starfsemi var á árinu 2019 en svo lagðist félagið í dvala þegar faraldurinn skall á og var í raun engin starfsemi árið 2020 og ekki innheimt félagsgjöld það ár.

Á árinu 2019 var töluvert um námskeiðahald og komu m.a. þær Teresa LaSala og Nadine Gaudin, héldu fjölmenn námskeið og fóru í skóla með ráðgjöf. Samtökin sáu um skipulagningu á námskeiðahaldi og ráðgjöf þeirra auk annars umstangs vegna þeirra heimsóknna. Þá kom einnig hópur franskra kennara í heimsókn til landsins til að kynna sér JA á Íslandi og stjórn samtakanna kom töluvert að móttöku þeirra. Gengið var frá samningi við samtökin úti um þýðingu leikskóla- og grunnskólahandbókar í lok árs 2019. Þýðingavinna er nú vel á veg komin og stefnt að útgáfu í haust. Félagsmönnum hefur fjölgað og skráðir félagsmenn eru rétt um 100 í samtökunum. Skólum hefur einnig fjölgað sem eru að starfa eftir Jákvæðum aga og eru þeir orðnir tæplega 40 talsins á Íslandi.

Námskeiðshald er að fara aftur af stað eftir að hafa legið í dvala vegna heimsfaraldurs.

Heimasíða samtakanna hefur þróast nokkuð og verður áfram í þróun, markmiðið er að heimasíðan vaxi og verði að góðum gagnagrunni fyrir félagsmenn og starfsmenn skóla sem aðhyllast stefnuna. Stefnt að því að koma fræðslu og mánaðarlegum fundum á fót með haustinu. Hafa það sem fastan lið með fjölbreyttum innleggjum og umræðum.

Við höfum verið dugleg að nota fjarfundabúnað til samskipta í faraldrinum og þykir það vera ákjósanlegur kostur áfram þar sem félagsmenn eru dreifðir um landið.

Engin athugasemd var gerð við skýrslu stjórnar og hún samþykkt samhljóða.

### 3) Ársreikningar áranna 2019 og 2020 lagðir fram til samþykktar

Aníta Jónsdóttir fór yfir ársreikning fyrir árið 2019. Á árinu var rekstrartap upp á 127 þús sem skýrist af því að kostnaður vegna námskeiðs Cheril Erwin færðist á það ár en tekjurnar á árið á undan. Innistæða í lok ársins var kr. 137.573.

Aníta fór einnig yfir ársreikning fyrir árið 2020. Á því ári var nokkur hagnaður, fyrst og fremst vegna sölu bóka. Innistæða í lok ársins var kr. 394.942.

Umræða:

Rætt um hvort samtökin ættu ávallt að eiga einhverja ákveðna upphæð sem eigið fé. Ef upp kæmu verkefni sem gott er að eiga pening fyrir t.d. prentkostnaði.

Ársreikningarnir samþykktir samhljóða.

### 4) Kosning stjórnar:

Auglýst eftir framboðum

Hafdís Björg varamaður í stjórn segir sig úr stjórn og Inga Huld Pálsdóttir hættir einnig. Jónína Hauksdóttir er tilbúin að stíga til hliðar ef einhver áhugasamur býður sig fram. Júlía Birgisdóttir býður sig fram í stjórn og Sólveig Ósk Guðmundsdóttir sem varamaður.

Aðalmenn í stjórn samtaka Jákvaðs aga á Íslandi árið 2021-2022 eru því; Jónína Hauksdóttir, Aníta Jónsdóttir, Ágúst Frímann Jakobsson, Helga Jónsdóttir og Júlía Birgisdóttir.

Varamenn: Berglind Bergvinsdóttir og Sólveig Ósk Guðmundsdóttir

Samþykkt samhljóða.

### 5) Ákvörðun félagsgjalds fyrir árið 2021

Stjórn JA leggur fram þá tillögu að félagsgjöld verði 5000 kr á ári. Samþykkt samhljóða.

### Önnur mál

Umræður um starf félagsins.

Rætt um að koma meira efni inn á heimasíðuna og fá fleiri að því verkefni.

Vera dugleg að fá aðila til að koma með erindi á mánaðarlega fundi. .

Rætt um Mentorhópa, þeir gætu verið sniðugir og gagnlegir þar sem hægt er að vera með innlegg og umræður, nýjar æfingar og sitja fyrir svörum. Einnig sniðugt að nýta þá ef einhverjir vilja taka æfingar og fá endurgjöf.

Fundaritari: Berglind Bergvinsdóttir